

ENSK2RM05 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir annaberglind@vma.is	Sk.st.	ABP
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanföllum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- túlkun bókmenntaverka
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- dýpri merkingu texta

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega, um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

Námsgögn:

Allt námsefni, utan skáldsagna, er á Moodle, þ.m.t. smásagan "Bloodflowers", ásamt öðru ítarefni frá kennara.

Valbækur (nemandi þarf aðeins að lesa aðra þessara skáldsagna):

Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstytta útgáfur)
Ray Bradbury, *Fahrenheit 451*, (allar óstytta útgáfur)

ENSK2RM05 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttar:

Tímabil (vikunúmer /lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttar
Vika 1	Kynning á áfanga og undirbúningur ritgerðar.	Kynningar og lesefni á Moodle.	
Vika 2	Undirbúningur ritgerðar.	Unnið í beinagrind.	Skil á beinagrind 2,5%
Vika 3	Vinna í ritgerð.	Unnið í uppkasti.	Skil á uppkasti 2,5%
Vika 4	Vinna í ritgerð.	Unnið í lokaafurð ritgerðar.	Skil á ritgerð 15%
Vika 5	Lestur, orðaforði og orðmyndun. Byrjað að vinna með skáldsögu.	Lesefni og æfingar á Moodle.	Spurningaverkefni úr skáldsögu 5%
Vika 6	Lestur, orðaforði og orðmyndun. Haldið áfram að vinna í skáldsögu.	Lesefni og æfingar á Moodle.	Spurningaverkefni úr skáldsögu 5%
Vika 7	Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna við skáldsögu.	Lesefni og æfingar á Moodle. Lokaverkefni úr skáldsögu lagt fyrir.	
Vika 8	Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna við skáldsögu.	Lesefni og æfingar á Moodle. Lokaverkefni úr skáldsögu klárað.	Lokaverkefni úr skáldsögu 15%
Vika 9	Lestur, orðaforði og orðmyndun.	Lesefni og æfingar á Moodle.	
Vika 10	Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna með smásögu.	Lesefni og æfingar á Moodle. Smásaga sem birt er á Moodle lesin og verkefni unnið.	Verkefni úr smásögu 5%
Vika 11	Lestur, orðaforði og orðmyndun.	Lesefni og æfingar á Moodle.	
Vika 12	Lestur, orðaforði og orðmyndun.	Lesefni og æfingar á Moodle.	
Vika 13	Málfræði: skilyrðissetningar	Lesefni og æfingar á Moodle.	

Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar		Vægi
Verkefni	Lokaverkefni úr skáldsögu.		15%
Spurningaverkefni	Spurningaverkefni á Moodle úr skáldsögu (2x5%).		10%
Ritgerð	Ritgerð byggð á efnisyrðingu (15%). Skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%).		20%
Smásaga	Verkefni úr smásögu.		5%
Verkefni	Verkefni (quiz) unnin á Moodle yfir alla önnina.		15%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf úr textum, orðmyndun og skilyrðissetningum.		35%
	Samtals:		100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemendur velja aðra valbókina til lestrar og vinna verkefni úr henni.

ENSK2RM05 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Um verkefnaskil: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum. Lágmarkseinkunn er 5. Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Um lokapróf: Öllum nemendum ber að þreyta lokapróf. Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í desember á haustönn, en í maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þess að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til VMA. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning: 13. janúar 2020



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils